

**DRAUMUR**  
**Jóns Jóhannssonar**

---

*2. útgáfa*



Reykjavík  
Kostnaðarmaður: Guðm. Davíðsson  
1916



Hrútafjörður – Guðlaugsvík

ÞEGAR 9. vikur voru af sumrinu 1867 (þá var ég á 19. aldursári), var ég staddur heima að heimili mínu; sem þá var Guðlaugsvík í Hrútafirði, að mér fannst glaðvakandi upp í rúmi mínu, þó ég svæfi. Þótti mér þá opnast dyr á veggnum fyrir miðju rúmi mínu, og maður koma inn um þær úr landsuðurátt, klæddur hárauðum og hvítum kross-skrúða, og halda á krosstré í hendinni. Krossarnir á fötum hans voru í einlægum<sup>1</sup> röðum eftir endilöngum fötunum og einlægir smákrossar á milli; á höfðinu yfir hvirfli hans var hinn langstærsti. Á hverri grein krosstrésins voru einnig krossar. Hann spyr mig, hvort ég eigi bágt með að sofa. „Ekkert á ég bágt með það“, svaraði ég. „Ég er“, segir hann „sendur til þín og á að sýna þér fram á lítilræði, en þú verður að koma með mér, ef ég á að geta sýnt þér það greinilega“. Var ég þá í sama bili kominn út á hlað, en krosstréð varð eftir í dyrunum. Leit ég þá 4 traðir liggja út frá hlaðinu; allar lágu þær í milli-áttir, en engin í höfudátt.

„Það er“, mælti þá komumaðurinn „aðalerindi mitt til þín, að fá að vita hverja af þessum tröðum þú helzt viljir ganga“. „Ef það liggur fyrir mér“, mælti ég, „að ganga þær allar, þá stendur mér á sama hverja ég geng fyrst eða seinast“, en hann hafði sagt mér að ég hlyti að ganga þær allar, eða sjá fyrir enda á þeim öllum. Ávarpar hann mig þá hinum sömu orðum aftur, og í þriðja sinni; þóttist ég þá svara að ég vildi helzt ganga landnordurtröðina. „Þú kýst þér þá að ganga þann veginn, sem flestir vilja ganga“, mælti hann. Leiddi hann mig þá af stað. Þótti mér traðarveggirnir geipiháir, en eftir rauðum fínum sandi var að ganga. Frá hlaðinu hallaði undan fæti ofan tröðina, en bratt var heim að ganga. — Þótti mér þá maður þessi taka undan vinstri hendi sinni hárauðan og hvítan skrúða líkan þeim, sem hann sjálfur var í, og segja: „Úr þessu máttu aldrei fara, hversu heitt sem þér kann að verða.“ (Mér fannst ég eigi treystast til að bera skrúða þennan). Rétti hann mér þá skrúðann, en ég tók eigi við honum; gengur hann þá að mér og færir mig í hann; fannst mér ég þá verða fleygur og fær til að gjöra hvað sem ég vildi; vildi ég þá hlaupa á undan honum, en hann bannaði mér það. Gekk hann þá á undan mér, þar til við komum að afarmiklu húsi við enda traðarinnar. Dyrnar voru á landnordurgaflinum,

---

<sup>1</sup> Einlægum = samfelldum

en hinn gaflinn vissi að tröðinni. Húsið var utan alsett ýmsum dýra og manna myndum. Ég bað nú fylgdarmann minn að lofa mér að sjá inn í húsið, en hann neitti því; bað ég hann þá enn betur, að láta þetta eftir mér. „Ef þú vilt“, mælti hann þá, „ganga þann veg, sem ég vil ganga, skal ég leyfa þér þetta“; þessu hét ég fljótt. Lauk hann þá upp húsinu með hægri fæti og hægri hnefa. Leit ég þá inni í húsinu flokk mikinn mönnum líkan, er var á hraða flugi um allt húsið frá gólfi og upp í rjáfur. Spurði ég féлага minn þá, hverjir þessir væru, sem í húsinu voru. Segir hann það vera vondu englana, höfuðpaurinn og þá, sem með honum hafi fallið. Flokkur þessi staðnæmdist nú allt í einu á gólfinu og tók að færast í skrúða. Hinn fremsti af flokki þessum hafði höfuð og herðar yfir alla hina. Þegar ég aðgætti hann, sá ég að hann var eineygður og var augað á nefinu; nefið náði frá hársrótum ofan á miðjan háls; hárið var allt snúið í lokka, er vissu allir beint út, eða voru snúnir upp úr hausnum. Allur var hann svartur, bæði hann og félagar hans höfðu handleggi, fingur og fætur, en fit var milli fingranna; en svo voru langar klær fram úr hverjum fingri og hverri tå, að þær voru lengri en fingur á manni. Fannst mér að djöflar þessir skiptast í 3 flokka. Allir þessir flokkar féllu til fóta höfðingja sínum hinum eineygða og skryddu hann í hvítan búning; varð hann þá sem annar maður, nema augað var eigi nema eitt, en jafnfagurt varð það sem í manni væri. Þá er lokið var að skryða foringja þennan, tók hinn 1. flokkurinn að skryðast, og urðu allir ásjálegir; heyrði ég þá höfuðpaurinn segja við hina 2 flokkana: „Farið þér út að vinnu yðar“; fóru þeir þá undir eins út úr húsinu, en 1. flokkurinn (hinn skryddi) varð eftir inni í húsinu. Sagði þá fylgdarmaður minn mér, að þeir er út hefðu farið, færu til að veiða menn eða sálir. Í þessu bili varð mér lítið heim á leið, og sá ég menn koma ofan tröðina, hina sömu sem ég hafði farið, mannfjölda mikinn, en á undan honum fór risi mikill, er hafði höfuð og herðar yfir alla. Þegar mannfjöldi þessi kom úr traðarendanum, mættu hinir illu andar, er úr húsinu fóru, þessum, er heiman komu og tóku undir eins að leita á hinn risavaxna mann um að ganga í lið með þeim, því þeir séu í sífelldu mannhraki; en risinn kvaðst eigi fylgja svo hræðilegum og illum mönnum; kvaðust þeir þá leita fyrir sér annarsstaðar, og héldu leiðar sinnar. Að þessu búnu hélt risafylgdin að húsinu; gekk þá út hinn skryddi flokkur og höfðingi þeirra, er mælti til hins risavaxna manns: „Ég er sendur frá hinum alvalda konungi til að frelsa þig frá djöflum þeim er ásóttu þig áðan (þóttist ég vita, að þetta væri mælt af slægd), því ég hefi hjá guði verið, og þekki alla guðs vegi. Ég er niður stigginn til að frelsa bæði þig og allt fólk“. Leitaði hann síðan fast á hinn mikla mann, að ganga sér á hönd, en risinn var lengi tregur til að trúa fortölum hans, en þó vann hinn eineygdi paur hann loks á sitt mál, svo að hann hét að fylgja honum. Þegar þetta var fengið, köstuðu djöflarnir af sér í skyndi hinum hvíta skrúða, tóku hinn risavaxna mann og fleygðu honum ofan í djúpa gryfju skammt frá húsinu, en hinir aðrir af flokki hans hurfu sjónum mínum. Við þennan atburð varð ég svo hræddur, að ég féll niður, en hinn hjálpsami fylgdarmaður minn, er stóð hjá mér við dýraþröskuldinn meðan þessu fór fram, reisti mig undir eins á fætur aftur og leiddi mig heim að bæ sömu tröðina, er við höfðum farið.

Eigi þótti mér við eiga að fara inn í bæinn, en þegar við vorum heim á hlaðið komnir, spurði hann mig, hvern veginn eða tröðina ég vildi nú ganga. Kvaðst ég þá vilja ganga tröð þá, er í útsuður lá; „það er sá vegurinn, sem ég vil helst ganga með þér“, mælti hann og leiddi mig af stað. Þegar við vorum komnir nokkuð áleiðis, sá ég haft mikið yfir þvera tröðina; var það margar mannhæðir á hæð. Eigi sá ég hann stíga upp á haft þetta, heldur fannst mér hann líða upp á það, en ég varð eftir í miðri tröðinni. Þótti mér hann þá kalla til mín af haftinu og spyrja mig hvort ég ætlaði eigi að fylgja sér eftir, og áleit ég hann legði hér fyrir mig þraut, er mér væri ómögulegt að framkvæma. En er ég fór að reyna að hefja mig upp, var ég þegar kominn upp á haftið til hans. Sá ég þá, að ótal höft lágu ofan tröðina, er ég vissi að við þyrftum að komast yfir. Fylgdarmaður minn leið hafti af hafti,

en ég gekk millum þeirra allra, en jafnskjótt sem ég reyndi að komast upp á höftin, var ég kominn það. Tröðin var þá breiðust næst bænum, og traðarveggirnir og höftin hæst þar; en bæði veggirnir og höftin lækkuðu og tröðin og höftin mjókkðu eftir því, sem fjær varð bænum; seinast gekk tröðin saman í odda og varð svo þröng að ég þóttist þurfa að þrengja mér á rönd fram úr henni. Komum við þá að bláu húsi; snéru dyr þess í útsuðurrátt. Spurði ég þá féлага minn, hvort leyfilegt væri, að biðja hann að láta mig sjá inn í hús þetta. Tók hann þá upp lykil, gekk að dyrunum og lauk upp húsinu, svaraði spurningu minni engu. Á meðan varð mér litid yfir veginn, er við höfðum farið; sá ég þá alla hina vondu og hræðilegu djöfla, er ég hafði áður séð í hinu húsinu, og höfðingja þeirra óskryddan vera komna á hælana á okkur. Heyrði ég þá höfuðpaurinn segja: „Nú skulum vér reyna að ná honum áður en förunautur hans kemur honum inn í bláa húsið, því þá er úti um allt“. Varð ég af þessu svo skelkaður, að ég féll aftur niður, og áleit að þeir mundu fara með mig eins og ég hafði áður séð þá fara með risann; en þó þóttist ég vita, að þeim mundi örðugt að snerta mig vegna krossskrúða þess, er ég var í. Vissi ég þá eigi af mér fyrri en maðurinn, sem með mér var, tók mig upp, lagði mig vinstra megin á brjóst sér, en hafði hægri höndina lausa, og bar mig inn um dyrnar. — Var ég þá allt í einu kominn inn í stóra og dýrðlega höll, er mér fannst vera uppi yfir jörðinni. Varð mér þá litid úr fangi verndara míns ofan um dyrnar er mér þá þóttu vera fyrir neðan mig, og sá ég höfuðpaurinn vera kominn að dyrunum og vera að reyna að slíta mig úr fangi hans (fylgdarmanns míns); fannst mér hann þá láta eins og hlera fyrir opið og féllu þá allir hinir illu andar niður; en um leið og þeir hurfu mér, voru þeir mér jafnframt gleymdir. — Þegar ég kom nú aftur til sjálfs míns, þótti mér verndarengill minn standa á heiðbláum himni og láta mig úr fangi sér ofan á himininn. Sá ég þá himinbláa hvelfingu yfir mér og allt umhverfis mig, ofan að þeim himni er ég stóð á. Sá ég þá sjálfa sólina fyrir innan hvelfinguna inni í höllinni; ekki var hún á hálofti, heldur líkast því, er sól gengur með fjallabrunum; en fyrir neðan sólina, hvarvetna umhverfis í allri hvelfingunni, sá ég einlæga húsaröð, og vissu allar dyrnar inn í höllina miðja; en svo var stutt á milli húsanna að aðeins mátti greina þau. Höllin var stærri en svo, að ég fái líkt henni við nokkuð, er má sjá með líkamlegum augum vakandi manns. Öll húsín stóðu opin, og sá ég þar fjölda fólks, allt í rauðum og hvítum krossskrúða. Fólkið var allt að sjá miðaldra. Karlar og konur voru hvað innan um annað. Leiddi nú fylgdarmaður minn mig frá aðaldyrum hallarinnar inn miðja höllina, þar til er hún tók enda, snéri sér síðan við og ég einnig, og leit yfir hina fögnu leið. Síðan setti hann fram hárautt borð, svo langt, að náði eftir allri höllinni. Eigi sá ég það hvíla á neinu; eigi sá ég heldur hvaðan hann tók það. Svo hátt var undir borð þetta, að náði manni í brjóst. Renndi hann þá hægri hendi hendinni ofan í vasa sinn að því er mér þótti hægra megin að framanverðu og tók úr honum 3 glös, eigi stærri en glös smáskammtalækna, lét þau á báða enda borðsins og eitt á það mitt, og þótti mér sem rauðleitt vín væri í öllum glösunum. Síðan tók hann úr sama vasanum 3 kökur drifhvítar, í lögun sem þríhyrning, og svo litlar, að mér fannst fela mætti þær í lófa manns; lagði hann eina köku hjá hverju glasi. Komu þá allir úr húsunum og umkringdu borðið og sungu skæran og fagran söng, en eigi skildi ég eitt orð af því, er þeir fóru með; en ég þóttist vita; að þetta væri borðsálmur, og kom mér í hug, að borðgestum þessum mundi eigi veita af að biðja guð að blessa matinn, þar eð svo óríflega væri á borð borið. Að söngnum loknum tóku þeir að hafa hönd á því, sem á borðinu var (allir voru standandi); brutu þeir kökurnar og muldu niður á borðið og dreifðu því um allt; tóku síðan að neyta þess, og fannst mér það þá verða svo drjúgt, að hver braudögn yrði miklu stærri en brauðið var áður ómulið; víninu skiptu þeir og á milli sín, og varð allt nægilegt. Heyrði ég þá söng á ný, en að því búnu, fóru allir heim til húsa sinna Eigi man ég hvort nokkrar leifar voru eftir, en borðið hvarf mér á sömu stundu. Þegar fólkið var komið inn í húsín aftur, þótti mér sem þau lykjust aftur, og höllin verða húsalaus, en allt einn himinn. Þótti mér þá förunautur minn segja: „Þetta er nú sá tími að dagur er, er fólkið í miðri höllinni

að lofa og vegsama guð, en þá er nótt er, dvelur það í þessum „vistarverum“<sup>2</sup>. Þótti mér hann viðhafa þessi orðatiltæki: „dagur“ og „nótt“ til þess að gjöra mér það skiljanlegt, er hann var að tala um. Að þessu búnu segir hann: „Nú vil ég sýna þér inn í aðra miklu stærri og dýrðlegri höll en þessi er“. Þótti mér þá sem hann lyki upp himninum fyrir innan þar, sem hann hafði áður sett borðið; lét hann síðan hurðina aftur, og var ég þá kominn í aðra höll miklu dýrðlegri og stærri. Þar sá ég bæði sól og hús, eða sem hann nefndi „vistarverur“ eins og í hinni fyrri höllinni, en allt var hér dýrðlegra og mikilfenglegra. Þegar hann hafði leitt mig nokkuð inn í höll þessa, sá ég konu og dreng; sem ég þekkti framar öðrum; en kona þessi og drengur voru dáið skömmu áður en mig dreymdi draum þennan. Drengurinn var á 14. ári þegar hann lézt. Þótti mér þá konan koma til mín og segja: „Ertu alkominn hingað?“ Þóttist ég þá segja, að maður sá, er hafi leitt mig hingað, hafi látið mig skilja, að ég væri ekki alkominn þangað, heldur eigi ég eftir að lifa nokkurn tíma á jörðinni enn. „En hvað kemur til?“, segi ég, „spyr þú mig þessa?“ „Það er af því“ segir hún, „að bæði ég og aðrir, sem hér eru, fagna og gleðjast mjög, ef einhver kemst hingað, eins og í hinum staðnum, ef einhver kynni að bætast þar við. Án efa hefði ég gjört fleiri góðverk á jörðinni, meðan ég dvaldi þar, hefði ég vitað fyrir víst, ég hefði orðið innleidd hingað“. Að þessu mæltu vék hún og drengurinn frá mér inn í sama húsið er þau höfðu komið úr. Þessu næst leiddi maðurinn mig æ lengra inn eftir höllinni. Varð mér þá lítið til hægri handar á hús eitt, er svo var yndislegt, að ég þóttist segja við manninn, að í þessu húsi vildi ég helzt vera, er ég væri hingað kominn, ef það lægi fyrir mér. „En hvað kemur til þess“, sagði ég ennfremur, „að hinir voldugustu eru eigi látnir vera innstir, en hinir auvirðilegustu fremstir?“ „Eigi er hér farið eftir slíku“, mælti hann, „heldur er sá settur innst, sem flest hefur gjört góðverk á jörðinni, en hinn er þau gjörir fæst, er settur fremstur, en sérhver er þó ánægður með þann stað, sem honum er úthlutaður, hvort sem hann er innarlega eða framarlega“<sup>2</sup>. Að stuttum tíma liðnum, þegar þú ert kominn hingað átt þú að vera í húsi því, er þú tiltókst áðan; einnig á þar að vera gömul manneskja sem er á sama heimili og þú, hún á að deyja jafnframt þér. Enn er hin þriðja manneskja, sem á að deyja jafnframt þér; er það barn eitt lítið, sem einnig er á hinu sama heimili. En vita megið þið það með vissu, að barn þetta fær ekki að vera hjá ykkur“. Kom mér þá í hug að spyrja hvað við börnin yrði gjört; „þau eru“, mælti förunautur minn, „látin vera í höll þeirri, er enginn þeirra er enn lifa, hefur að þessu fengið að líta“. Leiddi hann mig þá, að mér virtist, höllina á enda, benti mér á innstu mennina í höllinni, og segir: „Þessir eru hinir útvöldu, er flest hafa gjört góðverk; innar fá þeir eigi að vera“. Kom mér þá til hugar að enn mundi ein höll, og áleit ég hana vera upp yfir mér. — Setti fylgdarmaður minn nú borð fyrir menn þá, er í höll þessari voru, og fór allt fram við borðið hér sem í hinni fyrri höll; en það sem fram var borið, var þó miklu minna, en í hið fyrra skiptið, þó mannfjöldinn væri miklu meiri. Að máltíðinni lokinni fóru allir aftur til húsa sinna.

**É**g gat þess, að ég áleit hina 3. höll upp yfir mér; en nú fékk ég annað að sjá, því maðurinn lauk nú upp 3. höllinni, eigi upp yfir mér heldur út undir hvelvingunni, sem mér fannst vera á höllinni, er við vorum í. Mættu mér þá í dyrunum svo bjartir ljósgeislar og leiftur, að ég mátti ekkert sjá. Þegar ég var inn kominn, var dyrunum læst. Leiddi fylgdarmaður minn mig þá lengi inneftir höllinni, en ég fékk ekkert séð fyrir ofbirtu sakir. Virtist mér þá sem ljós þetta hið mikla klofnaði í sundur á hægri hönd mér, svo ég fékk séð um höllina. Sá ég þá einsetta barnaröð inn og fram höllina út við himinn eða hvelvinguna hægra megin við mig, og aðra jafn stóra vinstra megin; en innst og

<sup>2</sup> Þess ber að geta, að allir þeir menn, er ég þóttist sjá, voru í krossskrúða, og voru krossarnir á hinum innstu smærri og þéttari, en stærri og færri á hinum fremri.

fremst í höllinni sá ég engin börn, og var autt rúm til endanna. Stærst vexti voru fremstu börnin, en minnst hin innstu. Leiddi nú maðurinn mig að þeirri barnaröðinni, sem var vinstra megin við mig, og fram með henni, og benti framanvert við fremsta barnið og mælti: „Hér á barn það að vera, er á að deyjja jafnframt þér“. „Hvað eru þá börnin elzt“, mælti ég, „að þau fái að vera hér inni?“ „Úr því þau eru eldri en 12 ára“, mælti hann, „eru þau látin vera hjá fullorðna fólkinu, en frá því að þau fæðast og að þessum aldri eru þau undireins innleidd hingað“. Síðan benti hann á barnaröðina hér og hvar innst, og mælti: „Þetta eru börn, er aldrei hafa fæðzt í heiminn“. Virtist mér þau að öllu eins og hin nýfæddu.

„Nú er ég“, mælti förunautur minn enn fremur, „búinn að sýna þér hvar þið eigið að vera hvert fyrir sig; en nú á ég eftir að sýna þér, hvar ég var áður en ég kom til þín“. „Hver ertu þá?“ þótti mér ég spyrja. „Ég er sá hinn sami sem guð hefur látið varðveita þig til þessa tíma“. Leiddi hann mig síðan frá börnunum, að mér fannst inn í miðja höllina, en vegna stærðar hennar sá ég eigi yfir nema lítið svæði í einu. Sá ég þá fram undan mér mikinn hóp manna, dýrðlegri en þá, er ég enn hafði séð, og þótti mér börnin þó dýrðlegri en hinir fullorðnu menn, er ég áður hafði séð. Þegar ég kom nær þessum mönnum, sá ég að þeir stóðu allir í hring, héldust í hendur með útbreiddum faðmi, og snéru bókum inn í hringinn. Komum við að fanginu á þeim, og leiddi verndari minn mig, þar til er við komum að skarði eða dyrum á hringnum; benti hann í dyrnar á hringnum, tók í hendur þeirra, er voru beggja megin við hann, og varð hringurinn þá heill. Tók hann þá að mæla við féлага sína á aðra tungu en hann hafði mælt á við mig, svo ég skildi ekkert af því, er þeir töluðu, og fékk ég nú við engan mælt. Þóttist ég nú ganga til hans aftur, en síðan gekk ég frá hægri hendi hans hringinn í kring út við mannaröðina, þar til er ég kom til hinnar vinstri handar hans. Sá ég þá, að einn þessara manna var stærri en hinir, og hafði höfuð og herðar yfir þá alla féлага sína; einnig var hann þeirra dýrðlegastur útlits. Öllum var þeim skipað í hringinn eftir stærð, þannig að hinn stærsti og hinn minnsti stóðu hvor við annars hlið. Þannig hallaði mannröðinni frá hinum stærsta. Verndari minn var af meðalstærð móts við hina aðra. Eigi man ég eftir, að ég nokkru sinni vissi tölu þessara manna, eða engla, en svo var himininn stór, að er ég stóð í miðjum hringnum hér um bil jafn langt frá þeim öllum, gat ég aðeins greint þá; en þess skal getið að allir voru menn þessir klæddir sem sá, er með mér var.

Þar sem ég nú var kominn í miðjan hringinn, sá ég þar standa afarháan stól; var hann grannur niður við himininn, er mér fannst bæði hann og ég og allir englarnir standa á, en gildnaði þegar ofar dró. Á stól þessum voru margir fletir, og allur var hann logagylltur, en svo var hann hár, að ég fékk aðeins vel eygt upp á brún hans. Þar sem ég kom fyrst að honum, sá ég sundurlausa mannslimi standa út af stólbrúninni að ofan, og fékk ég naumast trúað sjálfum mér að ég sæi þetta rétt; en stöðugt sá ég hina sömu sjón. Þóttist ég þá ganga hliðskakkt við stólinn, þar til er ég kom gagnvart þeim stað, er ég áður stóð á. Sá ég þá 2 menn sitja uppi á stólnum. Voru þeir með berum höndum að tengja saman mannslimina. Annar þessara manna var miklu stærri en hinn og fullkomnari að öllum vexti, en þó virtist mér þeir að klæðum og öðru jafndýrðlegir. Leit maðurinn á vinstri hönd sér ofan af stólnum, horfði á mig góða stund alvarlegur en þó blíðlegur á svipinn; leit hann síðan af mér með hægð, og á það, sem hann var að starfa að. Leit þá minni maðurinn á hægri hönd við sig ofan af stólnum á mig, en í því sama bili féll ég ofan á himininn á grúfu. — Þóttist ég þá sjá í gegnum himininn út um alla jörðina og sjóinn, eins vel og greinilega sem ég sjálfur hefði verið kominn á þann og þann staðinn. Sá ég þá að í hverju landi miðju var eldsgröf ein, er heiðblár eldlogi gaus upp úr; lágu traðir í kross út frá hverri gröf, og var óvinur sálnanna, að reka menn fram þessar traðir, að hann kæmi þeim ofan í grafirnar. Virtist mér allt hrökkva undan honum nær því hverja tröð á enda.

En þá sá ég, að englarnir, er ég áður hafði séð í hring þeim, er ég gat um, stóðu á eldsgrafarbornunum, héldust í hendur og snéru bökum að eldinum, en andlitinu að mönnum þeim er hröktust eftir tröðunum. Vörnuðu þeir því, að fólk þetta steypist í grafirnar, og missti djöfullinn af því. Báru englarnir það burt, en eigi sá ég hvert. Niðri í einni þessari eldsgröf sá ég fáeina menn; lágu sumir þeirra á grúfu, sumir stóðu á höfði en misdjúpt. Ógurlegt vein heyrðist til manna þessara, og varð ég við það svo óttasleginn, að ég óskaði, að engillinn minn væri kominn inn að stólnum að reisa mig á fætur, svo ég þyrfti eigi að horfa lengur á ógnir þessar, því eigi fékk ég reist mig af sjálfsdáðum; en undir eins og ég hafði óskað þessa, kom hann, stóð yfir mér og mælti: „Hví ertu hingað inn kominn, og liggur hér flatur?“ „Það er án efa af því“, mælti ég, „að ég hef verið að hnýsast í þá hluti, sem snerta mig eigi“. „Eigi er það þess vegna mælti hann, ég veit þér betur. Þú ert hér kominn á þann hinn helga stað, sem er hinn eini, er hér er til að allir hlutir, hátt og lágt, nær og fjær, sjást frá“. Í þessu bili reisti hann mig á fætur.

Þá er ég var upp risinn, varð mér fyrst litið upp á stólinn, er mér, áður en ég féll, þótti svo kynlegt að horfa á. Sá ég þá þar hið sama og fyrr er getið. Spurði ég þá engilinn, hvaða þýðingu starf hinna tveggja manna hefði er á stólnum sætu. „Þessir sundurlausu limir“, mælti hann, „hafa margt að þýða, en í einu orði að segja, eru menn þessir að endurbæta allt það, er djöfullinn aflagar; en svo þú skiljir þetta enn betur þá læt ég þig vita, að sá er leit á vinstri hönd sér ofan af stólnum á þig, og sem þú gæzt virt fyrir þér, er faðirinn allra; en hinn, er leit á hægri hönd við sig ofan af stólnum, um leið og þú féllst, er *lausnarinn*“. Að þessu mæltu varð mér litið ofan fyrir fætur mér; sá ég þá, sem fyrr, gegnum himininn ofan á jörðina og sjóinn þar sem skip voru að farast og menn að deyja út um allan heim; en þegar mér var litið á englahringinn, — sem ég þóttist vita að væri á sama stað, sem ég hafði séð hann fyrst, þó ég, meðan ég lá flatur, sæi þá við eldsgrafirnar, sá ég að stór skörð komu í hann, og voru englarnir jafnsnart komnir niður á jörðina, og tóku að skryða þessa menn jafnskjótt og þeir dóu, og báru þá í fangi sér, að ég þóttist vita í guðsríki; en eigi sá ég eða hafði neina greinilega hugmynd um hvernig allt þetta varð með slíkum hraða. Sá ég þá, hvernig sál og líkami skildust að; lágu líkamir hinna dauðu eftir hingað og þangað, en þegar sálin fór út af líkamanum, samtengdist hún öðrum dýrðlegri líkama, sem englarnir skryddu dýrðlegum skryða; en hver maður hafði stærð og líkingu við það, sem hann hafði haft á jörðinni. Raðaði hver engillinn þeim manni, er hann bar í hvert skipti, þar sem honum var ákveðið að vera, og fór hver engill að því búnu inn í englahringinn, og fór þaðan eigi aftur. Þegar þeir komu með börn báru þeir þau á ýmsa staði í barnaröðunum o.s.frv.

Að þessu búnu spurði engillinn mig, hvort ég girntist að sjá kjör manna á síðasta degi; fannst mér í svefninum ég eigi skilja þetta; en hann mælti þá enn fremur: „Þú verður að koma út með mér sama veg, sem ég leiddi þig inn hingað, svo ég fái sýnt þér þetta greinilega“. Leiddi hann mig þá frá stólnum út um dyr þær á englahringnum, er hann hafði sjálfur verið í, fram í miðhöllina, úr henni fram í fremstu höllina, og fram að fyrstu dyrunum, er hann bar mig inn um. Á leið þessari leit ég til fólksins, er hvarvetna var á leiðinni; en svo var það margt, að eigi fékk ég eygt út yfir það á nokkurn veg, „Hér verður þú“, mælti engillinn, „að bíða mín, þar til er ég kem aftur til þín; en ég kem bráðlega aftur“. Þessu lofaði ég. Gekk hann þá aftur inn í höllina, og hvarf mér um stund. Þóttist ég nú, af forvitni, ganga út um dyrnar, sem mér þó fundust vera, eins og áður er sagt, á sjálfum himninum til þess að sjá, hvernig nú færi fram á jörðinni. Fannst mér þá, sem ég á hverju augnabliki mundi detta niður, og áleit ég, að ég hlyti að falla í einhverja eldgröfina, eða sjóinn, en eigi fann ég þó að ég losnaði við himininn, og fékk ég með engu skilið, hvað það væri, er héldi mér; en þá sá ég, að engillinn minn var kominn í dyrnar með fullt fangið af klæðum, er öll voru eins og hann sjálfur var í. Öllum þessum fötum þeytti hann víðsvegar út um jörðina, sjóinn, vötn og ár, þar til ekkert var eftir. Leit

hann þá á mig alvarlegur, og fannst mér hann vilja, að ég tæki eftir þessum aðgerðum hans. Óðara gekk hann frá mér aftur og fór inn í hallirnar, en kom bráðum aftur með mikla sveit manna, er allir voru naktir; liðu þeir allir hægt og hægt ofan á jörðina; sá ég þá síðan í þéttri fylkingu eða hóp niðri á jörðinni. Leit hann þá aftur til mín alvarlega, og veik svo enn frá mér. En er hann var horfinn, sá ég að hinir nöktu menn, er komnir voru ofan á jörðina, dreifðust víðs vegar, sumir á sjó, sumir á ár og vötn og þurrlendi; settust þeir þar niður og tóku að klæða sig sitjandi, fötum þeim er engillinn hafði dreift út um jörðina. Kom þá engillinn þriðja sinni fram í dyrnar, og með honum stærsti engillinn úr englahringnum; þótti mér hann (hinn stórvaxni engill) halda á einhverjum hárauðum hlut í hægri hendi sér, er ég vissi ekkert til hvers hafður væri; líkastur var hann kefli er var mjótt í annan endann en sló sér út í hinn endann. Sárlangaði mig til að vita til hvers þetta væri og vildi snerta það með hægri hendinni, en fékk það eigi eða gat aldrei komizt að því, hvað það væri. Í sömu svipan fannst mér ég standa niðri á jörðinni, og engillinn minn hjá mér, er þá hélt með vinstri hendi sinni í hægri hönd mér. Þótti mér hann því næst segja: „Föt þau er ég sótti og dreifði út um jörðina, höfðu að merkja hinn jarðneska líkama mannanna, en hinir nöktu menn merkja sálir manna á dómsdegi. En getur þú sagt mér hvert hinir nöktu menn, er ég fyrir skömmu, lét fara ofan á jörðina fóru?“ Þóttist ég þá svara að; að þeir væru allir að klæða sig. „Það er rétt“, mælti hann, „því nú er til dæmis sem dómsdagur væri kominn; á honum vilja allar sálir til líkama síns, líkt og hinir nöktu menn, er gengu hver að sínum klæðum. En fötin merkja einnig réttlætisskrúðann, því að allir hinir útvöldu öðlast slíkan skruða eftir dauðann; en sérhver sá er eigi hefur slík klæði, er fordæmdur. Af þessu getur þú nú fengið að heyra sýnishorn“.

Þótti mér ég nú heyra í loftinu uppi yfir mér háan og skæran söng; stóðu þá allir þeir, er skryddir voru, undir eins upp. Sagði engillinn mér að þetta hefði að merkja hinn síðasta lúðurhljóm, er hinir útvöldu fengu að heyra. En að þessu búnu sá ég bregða fyrir, frá „festingunni“ björtu leiftri, og leiftraði ofan að jörðinni; en að lítilli stundu liðinni sá ég að þetta var dýrðlegur englaflokkur. Englar þessir voru víðlíka margir, sem hinir nöktu höfðu verið. Dreifðust þeir út um allan heim, á sjó og vötn, til að samansafna hinum nýskryddu mönnum. Leiddi síðan hver engill einn mann, vinstra megin við sig inn undir himinhvelfinguna. Engillinn minn leiddi mig og þangað. — Fannst mér þá, sem vér allir allt í einu værum komnir austan í bratta fjallshlíð. Uppi í miðri fjallshlíðinni, sá ég rennisléttan völl, er engillinn kallaði dómsvöll; lá hann út og suður, og var hér um bil einn þriðjungur breiddar á móts við lengd hans. Allur var völlur þessi umgirtur feikna háum garði; en á austurhlíðveggnum voru dyr eða hlið; langtum var það norðar en á miðjum veggnum. Sá ég að englarnir voru að leiða fólkið inn um hliðdyrnar, og héldu þeir því fram, þar til syðri hluti vallarins var fullur orðinn af mannaröðum norður að dyrum. Gengu síðan allir englarnir út af vellinum, og voru mér allir horfnir nema engillinn minn. Heyrði ég þá aftur uppi yfir mér mjög háan og skæran söng; en úr landnorðri komu upp fjallshlíðina fáeinir naktir menn. Spurði ég þá engilinn, hverjir þessir séu; hann svarar: „Það eru hinir glötuðu“. En þó ég áður hefði séð jafn marga menn í eldsgröfunum, átti ég bágð með að trúá, að þessir væru hinir sömu og þar voru, þar eð hár þessara manna var með öllu ósviðið, og þeir hvergi brenndir að sjá; en mér fannst þeir hlytu að vera það; en engillinn sagði mér þó, að þessir menn væru hinir sömu, sem í eldsgröfunum voru. Gengu þessir menn inn um dyrnar á garðinum og skipuðu sér sjálfir í röð á norðurhluta vallarins fyrir norðan dyrnar. Snéru þeir fangi í hásuður, en hinir, er í syðri hlutanum voru snéru því í hánorður.

Ég var staddur sunnanvert við garðsdyrnar og hélt engillinn í hönd mér; sá ég þá, að ofan fjallshlíðina, úr útsuðri, kom stór maður, mikill vexti, og geislaði birtan af honum um alla fjallshlíðina eins og hún var breið til. Þegar hann var nær því kominn til okkar, spurði ég engilinn, hver þessi maður væri; sagði hann að það væri *guds sonur*, því að faðirinn leggi það í sonarins vald að dæma, en sjálfur gjöri hann það ekki. Sá ég nú um leið og hann



gekk inn um garðsdyrnar, að hann hélt á jafnmörgum drifhvítum spjöldum, sem mennirnir voru margir, er í norðurhlutanum voru (þ.e. hinir nöktu). Á spjöld þessi voru ritaðar hárauðar stafalínur á þeirri hliðinni, sem að mér snéri, frá öðrum enda hvers spjalds til hins. Þótti mér ég spyrja engilinn hvað ritað væri á spjöld þessi. Sagði hann það væri allt, smátt og stórt, er menn þessir hefðu aðhafst hér á jörðu. Þótti mér þá sonurinn ganga mitt á milli flokkanna, og snúa baki að hliðsdyrunum, rétta fyrst hinum austasta, síðan hverjum af öðrum, spjöld þessi, og bjóða þeim að lesa það, er á þeim stæði. (Virtist mér hinir, er í syðri floknum voru, kenna mjög í brjósti um þessa veslinga). Þeir tóku við spjöldunum, og lásu það er á þeim stóð, fleygðu þeim síðan aftur yfir axlir sér, og æddu um allan norðurhluta vallarins, sem vitstola væru. Segir sonurinn þá við þá, að nú sé sá tími kominn, að þeir eigi að gera honum grein fyrir orðum þeirra og verkum; en þeir svöruðu engu. Snéri sonurinn sér nú við þannig, að hinir nöktu menn urðu honum til vinstri handar, en hinir skryddu hægra megin; segir hann síðan við hina nöktu: „Eigi getið þér fengið að ganga í sælu með mér, eins og hinir, er standa mér til hægri handar, af því að þér hafið breytt svo, sem þér breytt hafið, heldur hljótið þér að vera hjá óvini mínum, hinum hrekkvísa djöfli“. Sá ég þá, að úr landnorðri kom flokkur mikill, er ég ætlaði aldrei að fá séð út yfir. Foringi þessa flokks var höfuðpaurinn og hans útsendarar. Veður hann að hliðsdyrunum og kallar upp hárrí röddu: „Hvar eru þeir sem ég á að hafa?“ Segir sonurinn þá þegar útrekna. Þvínæst skipaði sonurinn þeim að ganga út, því að staður þessi sé þeim of háleitur. Gengu þeir þá burt, og hurfu mér allir til landnorðurs. Að þessu búnu þótti mér engillinn segja: „Enginn maður kemst í guðsríki nema góðverkin séu meiri en syndir hans“. Þetta þóttist ég eigi skilja, bæði af því, að ég hafði þó séð, að miklu voru þeir fleiri, er sonurinn tók með sér, en hinir glötuðu, sem voru örfáir, og af því, að ég áleit fáa þá geta náð guðsríki, en hafði þó séð ótölulegan fjölda útvaldra í hinum áður umgetnu höllum. Ég spurði því engilinn hvernig ég ætti að skilja þetta. Sagði hann, að eigi væri til neins að segja mér neitt um það, heldur yrði hann að fara burt frá mér, til þess að geta sýnt mér, hvernig þessu sé varið, svo ég hneykslist ekki. Vék hann þá frá mér, en kom bráðum aftur og hélt á einhverju í höndunum, er líktist helzt 2 hvítum ullarlögðum; var annar mjög lítill en hinn stór. Þetta segir hann að merki tveggja manna góðverk, þess manns, sem þau hafi minnst gjört, og þess, sem þau hafi mest gjört. Verð ég nú aftur að fara frá þér, svo ég geti sýnt þér, hvað ég ætla að vigta á móti þessum góðverkum. Kom hann þá með 2 björg eða steina, annan lítinn en annan stóran, og sagði: „Þetta eru syndir hinna sömu manna, þess er minnst og þess er mest hefur syndgað. Þessar syndir ætla ég að vigta á móti góðverkunum“. Þótti mér þar þá komnar metaskálar, og tók hann nú að vigta. Urðu þá góðverkin mjög létt, þó hann vigtaði saman hvað á móti öðru, mestu góðverkin og minnstu syndirnar. En þá tók hann með hægri hendi sinni stórt glas upp úr vasa sínum er mér virtist rautt vín í; taldi hann úr því 3 dropa, og lét þá leka á þá skálina, sem góðverkin voru á. Seig hún þá skjótt og varð miklu þyngri en hin. Þetta segir hann að sé „forþénustan“<sup>3</sup> sjálf, er skuldirnar séu borgaðar með á síðasta degi. Þóttist ég nú spyrja, hvers vegna mætti eigi borga fyrir hina fáu nöktu menn, er hafi verið útskúfað. Engillinn sagði, að engum þeim, sem hafi eitthvert góðverk gjört, hversu lítið sem það sé, verði útskúfað; en yfir þá, er ekkert góðverk finnst hjá, sé endurlausnin eigi látin ná. „Með þessu móti“, mælti ég, „geta bæði ég og aðrir orðið sáluhólpnir, fyrst skuldin er borguð af öðrum, að því er manninn sjálfan til vantar“.

Eftir að þessu var lokið, heyrði ég að sonurinn sagði við þá, er stóðu honum til hægri handar: „Ég kannast við yður alla sem vini mína; komið út og fylgið mér eftir“. Engin spjöld sýndi hann þeim, því hann kvaðst vita betur en þeir sjálfir, hver breytni þeirra væri.

<sup>3</sup> Forþénustan = lausnarverkið

Gekk hann þá og hver mannaöð á eftir honum út af vellinum; stefndu þeir til útsuðurs upp á fjallsbrúnina. Er helmingur mannanna var út kominn, fór engillinn minn mitt á millum þeirra, og varð þeim samferða. — Þegar að aðeins voru eftir 3 mannaöðir, flaug mér í hug hvort mér væri betra að verða eftir eða fara með mönnum þeim, er ég þó eigi vissi gjörla hvert fara mundu. En af því að mig langaði til að ná englinum mínum aftur, afréð ég að fylgjast með þeim. Gekk ég þá inn á milli þeirra, og hinar 3 mannaöðir á eftir mér.

Þegar ég var kominn upp á fjallsbrúnina, var ég, án þess að ég gæti gert mér nokkra grein fyrir, staddur í 3. höllinni. Sá ég þá að sonurinn var kominn inn að veldisstólnum. Tók hann hjá föðurnum í hægri hönd sér rautt vín, en jafnframt þessu sá ég fáeina menn slá hring um veldisstólinn og snúa fanginu að honum; svo kom annar hringur þar fyrir utan, og þannig hver hringurinn utan um annan, þar til er allt fólkið var komið í einlæga mannhringi. Gekk þá sonurinn með hið rauða vínið til þeirra, er næstir honum voru, og lét hvern meðtaka af því af sinni eigin hendi; síðan útteildi hann hinum næsta hring, og svo hverjum af öðrum, þar til er helmingur fólksins hafði neytt vinsins. Heyrði ég hann þá mæla hátt yfir alla: „Þetta gjöri ég í minningu þess, að ég hefi dæmt hina fáu, en fyrirgef yður. Héðan í frá skulu allir jafnháir í ríki mínu, og það jafnháir sjálfum englum að veldi, og eigi skal „skilrúm“ á milli nokkurs manns framar, heldur skulu allir búa í minni eigin höll“. Að þessu mæltu hélt hann áfram að útteila hinum öðrum víninu.

Meðan þetta gerðist, stóð ég fyrir utan yzta mannhringinn og horfði á það er fram fór, en eigi meðtók ég vínið. Þótti mér þá öll börnin ásamt öllum englum koma, og slá sér saman við mannhringana. Þannig þótti mér þetta eiga að vera úr þessu. Fór ég þá að leita að englinum mínum; en er ég var kominn lítið eitt inn í mannhringuna, kom hann til mín, og spurði mig, hvort ég tryði öllu því, er hann hafi talað við mig. „Já“, svaraði ég, „ég trúi því öllu. En hvað verður nú gjört við þessar 2 hallir, sem nú eru orðnar tómar?“ „Sá tími“ mælti hann, „mun koma, að þær munu „samanbrotnar“ með jörðinni, en hin 3. höll bifast aldrei. En nú má ég ekki vera lengur hjá þér“. Leiddi hann mig þá fram allar hallirnar fram að fremstu dyrum, og sagði: „Nú ætla ég að koma til þín aftur að viku liðinni um miðjan dag, en vertu þá vakandi.“ „Ég er vakandi“, svaraði ég, „því hvernig ætti ég til dæmis að fara þetta og þetta með þér, heyra það sem þú talar við mig, og skilja það sem þú ert að úthýða fyrir mér, ef ég væri sofandi. Það væri hið fjarstæða“. „Þú ert þó fast sofandi maður“, mælti hann, „en eigi að síður máttu engum alla þessa viku segja það, sem ég hef talað við þig, nema þessari „manneskju“, sem ég tiltók sjálfur að ætti að deyja jafnframt þér, en það er elzta manneskjan á bænum; en sjálfur skal ég standa þér nálægur og vita, hvernig þér ferst að kunnigjöra henni þetta, og mun ég láta þig vita það, þegar ég kem til þín að viku liðinni“.

Í þessu hvarf hann mér inn í höllina, og ég var að vörmu spori kominn ofan hjá litla bláa húsinu, sem áður er getið. Ætlaði ég þá að ganga heim aftur sama þverhaftavegin, sem ég hafði farið að heiman. Gekk mér þetta sem fyrr greiðlega. Leit ég af veginum heim á hlaðið; sá ég þar krosstréð í dyrunum, gekk þangað, þótti mér ég taka það úr dyrunum og leggja það upp á vegginn, og ætlaði að ganga í rúm mitt og fara að sofa; en við það vaknaði ég.

Undir eins að morgni hins næsta dags sagði ég drauminn hinni tilteknu konu; en engum sagði ég hann öðrum alla þá viku. Sagði hún, að ég skyldi nú taka vel eftir, hvernig því mundi verða varið, ef engillinn kæmi aftur eftir vikuna. Lofa ég að segja henni frá því öllu, ef engillinn banni það ekki. Leið nú vikan til föstudags morguns, að ég varð eigi var við neitt. Þann morgun klæddi ég mig snemma, og spurði húsbónda minn, hvaða verk hann hefði fyrirhugað mér að vinna í dag. Sagði hann mér að finna konu sína, því að þau

hafi talað um það. Húsbóndi minn hét Haraldur Sigvaldason, en kona hans Anna Sveinsdóttir; lifa þau bæði enn. Fann ég þá konuna og bauð hún mér að tína fjallagrös. Tók ég að tína grösinn inni á rúmi mínu um klukkan 11 f.h. Dró þá bráðum úr mér allan mátt, og fannst mér sem yfir mig mundi líða. Lagði ég þá grösinn frá mér, og lagði mig út af í rúminu; en eigi fann ég til verulegs svefns. En eigi leið á löngu, þar til er ég sofnaði. Þótti mér þá maður koma til mín og spyrja, hvort ég þekkti það, sem hann hélt á. „Já“, mælti ég, „það er skrúðinn, sem ég var í fyrir viku, er ég var á ferð með þér“. „Þú manst þá eftir því“, þótti mér hann mæla. „En viltu koma nokkuð á veg með mér núna“, mælti hann enn fremur. „Já“, mælti ég. Þótti mér hann þá rétta mér skrúðann og fór ég í hann; fékk ég þá enn meiri mátt en ég hafði haft í hið fyrra skipti. Þótti mér þá krosstréð komið í dyrnar, og ég var samstundis kominn út á hlað. Þaðan sá ég hinar sömu traðir og áður. Þjóst ég þá við, að hann mundi spyrja mig, hverja tröðina ég vildi nú ganga, þar er ég áður gekk eigi með honum nema 2 traðirnar; en þess spurði hann eigi. Gekkt ég þá fram á útsuðursveginn, og hann við hlið mér, og ætlaði ég þá að bláa húsinu. Spurði ég hann, hverjar séu hinar stærstu og manni skadlegustu syndir að drýgja. En hann í stað þess að svara mér, spurði mig hins sama. Þóttist ég svara, að ég álitu það hina stærstu synd, að „setja sig út til þess“, að myrða hvert barnið á fætur öðru, og annað það, að stela frá hinum fátækustu. Þegar ég svaraði til um fyrri syndina, kom mér til hugar að börnin hlytu að vera mjög rétthá, þar er þau voru í innstu höllinni. En engillinn svaraði: „eigi er sem þú segir, heldur eru hinar stærstu syndir ljótur munnsöfnuður og lygi, eða yfir höfuð vanbrúkun tungunnar, og hver sem leikur sér að slíku, honum skal eigi verða fyrirgefið; því að tungan er hinn dýrmætasti limur, sem guð hefur gefið manningnum í þeim tilgangi, að hann lofi og vegsami guð með henni“.

Við gengum nú fram tröðina að bláa húsinu, en á leiðinni spurði ég hann enn fremur, hvers vegna hann kæmi til mín nú frammar venju, ég álitu það koma af því, að ég hafi lifað ógætilega og hann vilji minna mig á betri breytni, en mér hafi líklega yfirsézt í því, að ég hafi í fyrstu kosið að ganga tröðina, sem liggja að húsinu, er djöflarnir voru í; „eður“, mælti ég enn fremur við hann, „á það að vera mér til gleði og ánægju, að þú sýndir mér inn í hallirnar?“ Fannst mér ég nú ásetja mér, að breyta betur en áður. Eigi svaraði engillinn mér neinu um það, hvort ég hafi lifað vel eður illa, en segir, að margar séu verur, er manningnum fylgi (þ.e.a.s. sálarverur). „Tæki ég“, mælti hann, „frá þér einhverja veru þína, mundirðu eigi vera með sjálfum þér, og svo er um draumaveruna. Ég læti þig dreyma þetta og það er frá minni hendi. En hvernig hyggur þú, að englarnir á himnum færu að afstýra hinu illa, ef þeir vissu ekkert um breytni manna?“ Þóttist ég þá segja að ég vissi, að þeim væri það allt ljóst. Að þessu mæltu vorum við komnir að bláa húsinu; lauk hann því upp með lykli, en ég stóð spölkorn fyrir vestan það. Sá ég nú að komu 5 menn fram þennan sama veg, eins og þeir kæmu heiman frá bæ, og héldu beina leið að húsinu. Engillinn hafði áður sagt mér, að bláa húsið hefði að merkja sælustað hinna útvöldu, en vegurinn að því væri hinn þröngi vegur. — Hélt hann með útréttri hendi hurðinni opinni, en hinir 5 menn gengu undir hönd hans inn í húsið; var kollhæð hins hæsta upp að hendi engilsins, en 2 voru lægri, 4. maðurinn enn minni, en hinn 5. var unglings-drengur. Þegar þeir voru komnir inn í húsið, snéri engillinn sér við í dyrunum, horfði á mig og mælti: „Allt þetta, sem ég hef sýnt þér og talað við þig, máttu nú hédan af „greina“ hverjum, sem þú vilt, en á annan hátt gef ég þér eigi leyfi til þess að opinbera það, þar til er sá tími kemur, ég mun þó leyfa þér það. Vel fórst þér að gera það, sem ég fól þér, en þar fyrir skaltu nú muna okkar samtál þennan stutta tíma, sem þú átt eftir að lifa, því það er stuttur tími, þar til er mér verður falið að sækja þig, eins og hverjum hinna englanna að sækja hver sinn mann“.

Það sem engillinn tók mér vara fyrir, var þetta. Að ég mætti ekki efa orð hans í nokkrum hlut, því að það væri syndsamlegt. Þetta gjörði hann, er hann bar mig fyrst inn í fyrstu höllina, og hið sama tók hann fram, er hann sýndi mér góðverkin. Einnig tók hann fram við mig, að ég mætti eigi á leiðinni heim aftur frá bláa húsinu víkja eitt fótmál út af þeim vegi, er ég hafði farið með honum, hvorki til hægri né vinstri. Þessu lofaði ég, þar eð það væri hið eina, er ég gæti efnt, því að eigi væri það of mikið fyrir alla samfylgdina og velgerningana. Þótti mér hann þá segja, að ég skyldi fá að líta hann standa við hið bláa hús, meðan ég væri á leiðinni heim aftur, því að nú mætti hann eigi lengur vera hjá mér. Fannst mér þá í svefninum, sem mig langa að fara lengra með honum; en það tókst eigi. Yfirgaf ég þá þennan fjörunaut minn og fór heimleiðis. Veittist mér hægt að komast upp á höftin á tröðinni, og leit ég aftur af hverju hafti, til að vita, hvort ég sæi engil minn; en er ég hafði farið yfir nokkurn hluta traðarinnar og leit aftur af einu haftinu, var hann horfinn augum mínum; en undir eins og hann var mér horfinn, fór ég út af veginum, en ætlaði mér að fá greiðfarari veg heim. Sá ég þá sléttlendi öðru megin við mig, og hljóp ég það nokkra stund, en minntist þá þess, að engillinn hafði bannað mér, að fara út af veginum, og að ég hafði lofað honum því. Fór ég þá aftur á tröðina og þræddi hana heim að bænum. Sá ég þá krosstréð í dyrunum; tók ég það og lagði í dyrnar, og fannst mér nú sem ég hefði gengið yfir þvert rúmið, þegar ég hrökk upp af dvala þessum og draumi hjá grasakyrnunni, er lítið hafði gengið á.

*Jón Jóhannsson*

Hér með yfirlýsi ég því, að draumur þessi er rétt uppritaður, og að öllu eins og mig dreymdi hann. Þeir sem því fara með hann á annan veg, en hér stendur, fara rangt með. Að opinbera draum þennan, eins og hann er hér uppritaður eftir minni eigin frásögn, gef ég prestinum síra Stefáni M. Jónssyni á Bergsstöðum hér með fullkomna heimild til, á þeim tíma og á þann hátt, er honum bezt þykir; en enginn annar maður hefur leyfi til þess.

Þetta staðfestir nafn mitt.  
Staddur á Bergsstöðum 29. apríl 1882.  
Jón Jóhannsson  
handsalað.



## Eftirmáli.

Sumarið 1875 var ég eitt sinn á ferð um prestakall mitt; kom ég þá á bæ einn, og spurði húsbóndinn mig, hvort ég hefði eigi gaman af að sjá draummanninn Jón Jóhannesson, er í baðstofu sæti, og heyra draum hans. Af því að ég hafði þá heyrt talað um draum þennan, en aldrei heyrt hann, kvað ég já við þessu. Kom þá Jón fram í stofu þar sem ég var, og sagði draum sinn. Þá er ég hafði heyrt drauminn, furðaði mig sem marga, sem hafa heyrt hann og munu heyra hann, að maðurinn skyldi muna svo langan draum, en hann (Jón) sór og sárt við lagði, og kvað eins áreiðanlegt, að sig hefði þannig dreymt, sem áreiðanlegt væri, að við værum þar staddir, er við vorum, og felldum við svo talið. Spurði ég hann þá, hvort hann vildi eigi, að draumur þessi kæmist fyrir augu almennings og yrði prentaður, en hann kvaðst eigi vilja það að svo stöddu; að margir hefðu boðið sér að rita drauminn upp og gefa hann út, en hann hefði öllum neitað um það; enn fremur, að sumir hefðu ætlað að skrifa hann upp á laun við sig, um leið og hann hefði sagt frá draumnum, en að það hefði jafnan farist fyrir, þar eð hann hefði getað hindrað það. Eftir þetta fékk ég tækifæri til að kynnst Jóni töluvert. Áttum við þá oft tal um draum þennan, og var hann jafnan samur í sögu sinni um, að sig hefði dreymt drauminn eins og hann sagði hann, og tilfærði ýmsar röksemdir fyrir því. En eigi var fánlegt af honum, að draumurinn væri ritaður upp, þangað til hinn 29. apr. f.á.; þá kom Jón sem oftast á heimili mitt, og kvaðst þá tilleiðanlegur, að láta skrifa upp drauminn; gerði ég það þá eftir hans eigin fyrirlestri. — Síðan hafa blöð þessi legið hjá mér, og hafa margir beiðst að fá að sjá þau; einnig hafa margir farið þess á leit við mig, að ég kæmi draumnum á prent. Fyrir bænastað þessara manna, hef ég ráðist í að birta hann á blöðum þessum samkvæmt heimild Jóns.

Ég skal eigi þreyta þann eða þá, er efast kunna um, að Jón hafa dreymt draum þennan, með röksemdafærslu fyrir því, að svo sé; en ég vil geta þess, að ég þekki Jón sjálfan töluvert, og þekki hann eigi að öðru en ráðvendni og meinleysi til orða og verka. Einnig þekki ég hæfileika hans svo vel, að ég er sannfærður um, að hann alls eigi er fær um að semja slíka sögu sem þessa. Við þetta hafa margir kannast. Hann hefði þá orðið að læra hana utan að, ef hann hefði eigi dreymt hana, en þá hefði hann orðið að læra hana af munnlegri sögn annarra, því hann er eigi læs á rithönd. En hefði hann lært hana eftir munnlegri sögn annarra, er ólíklegt, að fleiri hefðu eigi lært hana, eða hún eigi borist, til eyrna fleiri manna, en Jóns eins. Yfir höfuð hefi ég eigi heyrt nokkrar líklegar getgátur um uppruna draumsins, aðrar en þær, að Jón hafi dreymt hann, og margir af þeim, sem gjörkunnugastir eru Jóni hafa sagt: „Ég er sannfærður um, að hann hefur dreymt draum þennan“. Sjálfur leiði ég hjá mér að rannsaka þetta, en treysti Jóni miklu betur til, að hafa dreymt draum þennan sofandi, en smíðað hann vakandi.

En óneitanlega er margt í draum þessum, sem fremur virðist styðja það, að það, sem frá er sagt, hafi í svefni gerst, en sé eigi til búið í vöku. Ég vil aðeins, af hinu marga, benda á eitt atriði: — Í draumnum sér Jón bæði föðurinn og soninn, en hinnar 3. persónu þrenningarinnar er hvergi getið. Það virðist óeðlilegt, ef sagan væri til búin, að höfundurinn hefði eigi getið heilags anda, og eins látið hann bera fyrir augu sér sem hinar aðrar persónur, til þess að hafa allt sem samkvæmast og fullkomnast. En Jón hefur sjálfur sagt mér, að andann hafi hann aldrei séð í draumi sínum, eða sig geti alls eigi rekið minni til þess.

Að svo mæltu læt ég úttalað um þetta, en læt hvern ráða skoðun sinni um þetta óbrjáladri af mér.

Ég vil geta þess, að draumur þessi birtist hér að öllu eins og Jón kveður sig hafa dreymt hann, nema hvað ég hef víða lagað orðfærið og framsetninguna, er sumstaðar var mjög barnaleg. Á stöku stað hef ég viljandi látið þetta orðfæri halda sér, en breytt þar til eða

lagað þær setningar, er eigi gátu staðist málsins vegna. Yfir höfuð hef ég reynt að láta drauminn koma sem óbrjáláðastan fyrir almennings augu og eyru, sem líkastan því, að hann, er dreymdi, segði sjálfur frá.

Þó ritkorn þetta sé eigi markvert, vona ég þó, að það geti skemmt mörgum meðan þeir lesa eða heyra það, og ef til vakið einhvern til íhugunar á því **efni**, er það hljóðar um.

Bergstöðum 1. apríl 1882.

*St. M. Jónsson.*



Kirkjan að Bergstöðum í Svartárdal í Austur-Húnavatnssýslu (byggð 1883)